

Saman mótum við framtíðina

Samræmd móttaka og inngilding íbúa af erlendum uppruna



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



VIÐ ERUM VESTFIRÐIR.



7.600
ÍBÚAR

8
SVEITARFÉLÖG

24%
ERLENDIR
RÍKISBORGARAR

Fjölbreytni samfélagsins hefur aukist verulega og því mikilvægt að tileinka sér inngildingu

Leiðarljós og gildi



Jafnrétti

Allir íbúar eiga að njóta jafnræðis í þjónustu og tækifærum.



Samvinna

Sveitarfélög vinna saman og nýta sameiginlega styrkleika svæðisins.



Virðing

Fjölbreytileiki í menningu, tungumáli og lífsháttum er metinn sem auðlind.



Inngilding


Nýir íbúar eru virkir þátttakendur í samfélaginu frá fyrsta degi.



Lýðræði

Tryggja aðkomu innflytjenda að ákvörðanatöku um sín eigin málefni.

Fjögur markmið



Stefnan er í takt við
Heimsmarkið Sameinuðu
þjóðanna



A



Allir tilheyri og séu virkir þátttakendur.

- Stofna sameiginlegt þjónustuteymi sveitarfélaga sem styður við nýja íbúa af erlendum uppruna.
- Þróa samræmda, fjöltyngda upplýsingaveitu sem er móttökukerfi með leiðsögn um réttindi, skyldur og tækifæri.
- Stofna fjölmenningsarráð/samráðshópa til að tryggja rödd innflytjenda í stefnumótun.

B



Innviðir sem mæta þörfum allra.

- Yfirfara stefnur og samþykktir sveitarfélaga með inngildingu að leiðarljósi.
- Tryggja að upplýsingar séu miðlaðar á aðgengilegan hátt.
- Virkja félagsmiðstöðvar, íþróttafélög og menningarfélög sem vettvang inngildingar.



Tungumálið er lykillinn að samfélaginu.

- Tryggja gott og hagnýtt aðgengi að íslenskunámi fyrir börn og fullorðna.
- Stuðla að fjölmennningarfræðslu fyrir starfsfólk sveitarfélaga.
- Hvetja til notkunar íslensku í samskiptum allra íbúa.


D



Jöfn tækifæri á vinnumarkaði.

- Sveitarfélög gangi á undan með góðu fordæmi í auglýsingum starfa og ráðningum.
- Leita leiða í samvinnu við Vinnumálastofnun til að auka starfsþjálfun og endurmenntun.
- Nýta allan þann mannauð sem samfélögin búa yfir.

AÐGERÐAÁÆTLUN TIL FIMM ÁRA: 2025–2030



Hvernig metum við ávinning?



Aukin þátttaka íbúa í menntun, atvinnu og félagsstarfi.



Aukin þátttaka íbúa af erlendum uppruna í íþróttastarfi barna og félagsstarfi.



Virkari þátttaka í lýðræðislegri umræðu og ákvörðunum í gegnum fjölmenningsráð.




Reglulegar kannanir og stöðugreining á upplifun og þörfum nýrra íbúa.

ÁTTA SVEITARFÉLÖG, EIN SAMEINGINLEG SÝN




INNGILDING ER SAMÁBYRGÐ

Aðlögun (Integration)



Inngilding (Inclusion)



“Inngilding vísar til þess að ábyrgðin liggur ekki hjá einum aðila heldur hjá samfélaginu í heild... Þannig er inngilding ólíkt hugtökum á borð við aðlögun (e. integration) sem vísar til einstefnu í ábyrgð þar sem sá sem er í minnihluta ber ábyrgð á að aðlagast aðstæðum meirihlutans.”

Verum virkir þátttakendur í inngildandi samfélagi, það skilar okkur lengra

